

Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps

Stjórn Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps kom saman í Finnstungu mánudaginn 12. ágúst kl 20.00.

Dagskrá fundar.

1. Fjárhagsáætlun
2. Niðurjöfnun gangna.
3. Önnur mál.

1.Fjárhagsáætlun 2019:

Eftirfarandi fjárhagsáætlun var samþykkt.

Tekjur	2.603.360,-
Gjöld.	2.332.120,-
Óviss útgjöld.	271.240,-
Inneign í sveitarsjóð.	460.889,-

2. Niðurjöfnun gangna:

Gangnaboð unnið til samræmis við fjallskilasamþykkt. Álagt á búfé og dagsverk er óbreytt.

3. Önnur mál:

Bréf barst frá Gauta Jónssyni vegna smölunar heimalands Gautsdals.

Erindinu hafnað.

Fleira ekki gert og fund slitið kl.22.36.

Jakob Sigurjónsson sign.

Víðir Már Gíslason sign.

Guðm. Rúnar Halldórsson. Sign.

Fjárhagsáætlun
Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps 2019

Gjöld:		
Laxárdalsfjöll	28 dagsverk x 12.000	336.000
Eyvindarstaðaheiði	46 dagsverk x 12.000	552.000
Rugludalur	14 dagsverk x 12.000	168.000
Svartárdalsfjall	16 dagsverk x 12.000	192.000
Aðstoð V/heimalanda	19 dagsverk x 12.000	228.000
Hirðing í útréttum	4 dagsverk x 12.000	48.000
Réttarstjórn og varsla	7 dagsverk x 12.000	84.000
Flutningur fjár úr útréttum		190.000
Fæði gangnamanna		140.000
Greiðsla til URFE		394.120
Óviss útgjöld		271.240
Samtals gjöld:		2.603.360

Tekjur:		
Ær og lambgimbrar	4.054 x 370	1.499.980
Hryssur, tryppi og folöld	408 x 370	150.960
Landskattur 2%		602.420
Veiðiarður		350.000
Samtals tekjur:		2.603.360

Eign frá fyrra ári	460.889
Girðing í Þverárdal	200.000
Inneign hjá sveitasjóði:	260.889